1. febrúar 2022

# Tími tækifæra



**Stjórnarráð Íslands**
Menningar- og viðskiptaráðuneytið

# „Loksins, loksins“

Kristján Albertsson



# Viðfangsefni dagsins

1. Hlutverk nýs ráðuneytis
2. Áherslur í stjórnarsáttmála
3. Hvernig munum við vinna?
4. Málefnasvið og skörun
5. Stofnanir og samstarfsaðilar
6. Fyrstu 100 dagarnir

# Hlutverk menningar- og viðskiptaráðuneytis

Nýju ráðuneyti er falið að skapa menningarstarfi, viðskiptalífi og ferðaþjónustu umhverfi sem stuðlar að velsæld og verðmætasköpun fyrir samfélagið.

Ráðuneytið sinnir hlutverki sínu með því að:

- auka **skilvirkni, bæta þjónustu og nýta samlegð** málaflokka með öflugu samstarfi með áherslu á mikilvægi skapandi greina og samkeppnishæfni,
- stuðla að framþróun málaflokka ráðuneytisins með **vandaðri stefnumótun, virkri samvinnu og upplýsingamiðlun**,
- **auka traust** á stofnunum og verkferlum stjórnsýslunnar og **tryggja jafnræði og sjálfbærni**.

# Áherslur í stjórnarsáttmála

- „Menning og listir er uppspretta og birtingarmynd fjölbreytts og sterks samfélags. Áfram verða tryggðar undirstöður íslensks menningar- og listalífs og **ný tækifæri sköpuð fyrir íslenska listamenn**.“

- „Ferðaþjónustan verður áfram stór þáttur í íslensku atvinnu- og efnahagslífi og er mikilvægt að hún fái tækifæri til uppbyggingar eftir áföll heimsfaraldursins. Lögð verður áhersla á að ferðaþjónusta á Íslandi sé **arðsöm og samkeppnishæf atvinnugrein í sátt við náttúru, íslenska menningu og tungu**. Við viljum að Ísland sé leiðandi í sjálfbærri þróun og nýsköpun í ferðaþjónustu. Áfram verður unnið að uppbyggingu innviða í takt við fjölgun ferðamanna.“

- „Markvisst verður unnið að því að **auka samkeppnishæfni og sveigjanleika íslensks atvinnulífs** með því draga úr hindrunum í gildandi regluverki og tryggja að ný löggjöf sé skýr og skilvirk. Skilvirkni í eftirliti með samkeppni og starfsháttum fyrirtækja er mikilvægur þáttur í tryggja að ábati samkeppninnar skili sér til neytenda.“

# Sköpun verðmæta




Íslenska
Jafnræði
Sjálfbærni
Samkeppnishæfni

**Umhverfi fyrir vöxt og velsæld**



**„Það er ekkert kort** yfir mannlega hegðun.“

Björk

# Hvernig munum við vinna?

- Skýr áhersla á þjónustu, gagnsæi og ábyrgð.
- Öflug kjarnastarfsemi og grunnþjónusta.
- Aukin áhersla á heildstæða stefnumótun og eftirfylgni.
- Ráðuneytið verður ekki fullmótað strax heldur verður farið í nánari stefnumótun bæði um innra starf þess og samvinnu út á við, markmiðasetningu og árangursmælikvarða.
- Öllum er velkomið að senda inn ábendingar sínar og hugmyndir á netfangið **mvf@mvf.is.**

## Skipulag nýs ráðuneytis

- Til verða tvær öflugar fagskrifstofur;

  - skrifstofa viðskipta og fjölmiðla
  - skrifstofa menningar og ferðaþjónustu

- Lagt er upp með tvær stoðskrifstofur;

  - skrifstofa rekstrar og gæðamála
  - skrifstofa verðmætasköpunar

- Endanlegt skipurit verður kynnt á vordögum.

**„Eftir langa bið þá veit ég núna**
að ég þarf ekki að missa trúna.“

GDRN



# Við hverju ætlum við að hreyfa?

## Þróun gjaldeyristekna eftir flokkum

Í milljörðum kr.




Útgjöld ferðamanna árið 2030

**700 milljarðar kr.**

# Við hverju ætlum við að hreyfa?

## Starfandi við menningu

**Vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar árið 2020**




**12.700 manns**

# Við hverju ætlum við að hreyfa?

15

26

Viðskiptaumhverfi
Ease of doing business

15

21

Samkeppnishæfni
IMD World Competitiveness Yearbook




**„Það er heilmikið fyrirtæki** að vera manneskja“

Jóhannes Kjarval

# Málaflokkar menningar- og viðskiptaráðuneytis

## Menning

Listir og skapandi greinar:
- Bókmenntir
- Tónlist
- Myndlist
- Sviðslistir
- Kvikmyndir
- Hönnun

Safnamál
Menningararfur
Íslenska
Íslenskt táknmál
Höfundaréttur

## Ferðaþjónusta

Ferðamál
Rannsóknir og gagnaöflun
Markaðsmál
Svæðisbundin þróun
Öryggis- og gæðamál

Pakkaferðir og samtengd ferðatilhögun

Veitinga- og gististaðir og skemmtanahald

Bílaleigur

## Viðskipti

Viðskipta- og atvinnulíf
Samkeppnismál
Neytendamál
Félagaréttur
Ríkisaðstoð
Endurskoðendur
Ársreikningar
Bókhald
Erlendar fjárfestingar
Verslun og þjónusta
Faggilding
Staðlamál
Fasteignasalar

## Fjölmiðlar

Einkareknir fjölmiðlar
Ríkisútvarpið ohf.

# Framlag atvinnugreina á sviði menningar og viðskipta til landsframleiðslu

**40%**

# Frá Sinfóníu til Samkeppniseftirlits, helstu stofnanir og samstarfsaðilar

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum
Framkvæmdasjóður ferðamannastaða
Kynningarmiðstöð myndlistar
Kvikmyndamiðstöð Íslands Ársreikningaskrá
Neytendastofa Kvikmyndasafn Íslands Gljúfrasteinn
Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn Listasafn Einars Jónssonar
Fjölmiðlanefnd Náttúruminjasafn Íslands Íslenski dansflokkurinn
Listasafn Íslands Þjóðminjasafn Íslands Ríkisútvarpið
Sviðslistamiðstöð Íslands Miðstöð hönnunar og arkitektúrs Samkeppniseftirlitið
Þjóðleikhúsið Þjóðskjalasafn Íslands Ferðamálastofa
Safnaráð Hljóðbókasafn Íslands Neytendasamtökin
Miðstöð íslenskra bókmennta
Sinfóníuhljómsveit Íslands
ÚTÓN – Útflutningsskrifstofa íslenskrar tónlistar
Samskiptamiðstöð heyrnarlausra og heyrnarskertra

# Umfang á málefnasviðum



# Fyrstu 100 dagarnir

- Markaðsátakinu „Saman í sókn“ ýtt úr vör.
- Viðspyrna ferðaþjónustunnar tryggð.
- Heildarstefnumótun í neytendamálum hefst.
- Endurskoðun á lista- og menningarsjóðum og starfslaunum listamanna lýkur.
- Frumvarp um starfslaun listamanna með áherslu á unga listamenn.
- Samráð um fjölmiðlastefnu.
- Sviðslistamiðstöð Íslands tekur til starfa.
- Undirbúningur Tónlistarmiðstöðvar og gerð tónlistarstefnu.
- Mótun hönnunarstefnu hefst og ný myndlistarstefna kynnt.
- Endurmat og nýjar aðgerðir í nafni átaksins „Áfram íslenska“
- Aukin samvinna við Bandalag íslenskra listamanna og Samtök skapandi greina.
- Samtal við Spotify.
- Endurgreiðslur vegna kvikmyndagerðar – vegvísir kláraður.

# Meðal helstu verkefna á kjörtímabilinu

- Aðgerðaáætlun á grunni Framtíðarsýnar og leiðarljóss íslenskrar ferðaþjónustu til 2030
- Starfsumhverfi listamanna bætt.
- Náttúruvísindasafn Íslands.
- Hús íslenskunnar opnar.
- Málefni íslenskrar tungu í öndvegi.
- Störfum í skapandi greinum fjölgar.
- Sókn fyrir íslenska myndlist og hönnun; Hönnunarsjóður efldur.
- Tryggja sýnileika hönnunar með innkaupastefnu.
- Umhverfi tónlistargeirans styrkist.
- Fyrirkomulag gjaldtöku í ferðaþjónustu skoðað
- Málefni Þjóðaróperu í farveg – Hof?
- Menningarhús á landsbyggðinni eflast og sóknaráætlanir landshluta styrktar.
- Menningarsókn til ársins 2030 hrint í framkvæmd.
- Samstarf við Íslandsstofu aukið.
- UNESCO samstarf eflist.
- Framlög til málefnasviðs 18 verðbætt.

# Takk, og áfram gakk!

